



RAFRÆN ÞJÓNUSTA Á NETINU

**KÖNNUN Á VIÐHORFUM ÍBÚA Í ÁRBORG,
HVERAGERÐI OG ÖLFUSI**

**Unnið fyrir
Árborg, Hveragerði og Ölfus**

**Hjördís Sigursteinsdóttir
Aðalheiður Ámundadóttir**

Maí 2005

Efnisyfirlit

Myndaskrá	3
Töfluskrá	5
1. Inngangur	6
2. Framkvæmd og heimtur	6
3. Niðurstöður	7
3.1. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu?	7
3.1.1. Hversu mikið notar þú internetið?	15
3.1.2. Notar þú internetið til að gera eitthvað af eftirfarandi?	20
3.2. Hverskonar rafræna þjónustu telur þú helst þörf á að byggja upp?	31
3.3. Málaflokkar fyrir rafræna þjónustu.	32
3.3.1 Málaflokkar lesnir upp	33
3.3.2 Málaflokkar ekki lesnir upp	44

Myndaskrá

Mynd 1. Svarhlutfall.....	6
Mynd 2. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimilinu?.....	8
Mynd 3. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir kyni og aldri.	8
Mynd 4. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir búsetu.....	8
Mynd 5. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir menntun.....	9
Mynd 6. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir starfi.	9
Mynd 7. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir fjölskylduhögum.....	9
Mynd 8. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimilinu?.....	10
Mynd 9. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir kyni og aldri.	11
Mynd 10. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir búsetu.	11
Mynd 11. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir menntun.....	11
Mynd 12. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir starfi.	12
Mynd 13. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir fjölskylduhögum.....	12
Mynd 14. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla?.....	13
Mynd 15. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla, greint eftir kyni og aldri.	13
Mynd 16. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla, greint eftir búsetu.	14
Mynd 17. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla, greint eftir menntun.	14
Mynd 18. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla, greint eftir starfi.....	14
Mynd 19. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu eða skóla, greint eftir fjölskylduhögum.....	15
Mynd 20. Hversu mikið notar þú internetið?.....	16
Mynd 21. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir kyni.	16

Mynd 22. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir aldri.	17
Mynd 23. Hversu mikið notar þú internetið,, greint eftir búsetu.	17
Mynd 24. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir menntun.	18
Mynd 25. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir starfi.	18
Mynd 26. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir fjölskylduhögum.	19
Mynd 27. Við hvað notar þú internetið helst?	20
Mynd 28. Notar þú internetið til þess að sækja upplýsingar vegna vinnu?.....	21
Mynd 29. Notar þú internetið til að sækja hversdagslegar upplýsingar?.....	22
Mynd 30. Notar þú internetið til að lesa fréttir og skoða aðra afþreyingu?	23
Mynd 31. Notar þú internetið til að versla?.....	24
Mynd 32. Notar þú internetið til að senda tölvupóst?	25
Mynd 33. Notar þú internetið til að sinna bankaviðskiptum/nota netbanka?	26
Mynd 34. Notar þú internetið til að spjalla (irc,msn)?	27
Mynd 35. Notar þú internetið til að blogga?	28
Mynd 36. Notar þú internetið til að nýta þjónustu sveitarfélagsins?	29
Mynd 37. Notar þú internetið til að nýta þjónustu ríkisins?	30
Mynd 38. Í hvaða málaflokkum telur þú brýnast að koma upp rafrænni þjónustu til þess að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnýsluna skilvirkari?	33
Mynd 39. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu í skipulags- og byggingarmálum?	34
Mynd 40. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólann?	35
Mynd 41. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi grunnskólann?.....	36
Mynd 42. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi húsaleigubætur?.....	37
Mynd 43. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi félagslegt húsnæði?	38
Mynd 44. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi íþróttá- og æskulýðsmál?	39
Mynd 45. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi menningarmál?.....	40
Mynd 46. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi atvinnumál?	41
Mynd 47. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi þjónustu við aldraða?	42
Mynd 48. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu til að sjá stöðu fjármála/reikninga gagnvart sveitarfélaginu?.....	43

Mynd 49. Í hvaða málaflokkum telur þú brýnast að koma upp rafrænni þjónustu til þess að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnásluna skilvirkari?	44
Mynd 50. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu í skipulags- og byggingarmálum?	45
Mynd 51. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólann?	46
Mynd 52. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi grunnskólann?	47
Mynd 53. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi húsaleigubætur?	48
Mynd 54. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi félagslegt húsnæði?	49
Mynd 55. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi íþróttá- og æskulýðsmál?	50
Mynd 56. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi menningarmál?	51
Mynd 57. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi atvinnumál?	52
Mynd 58. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi þjónustu við aldraða?	53
Mynd 59. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu til að sjá stöðu fjármála/reikninga gagnvart sveitarfélaginu?	54

Töfluskrá

Tafla 1. Hvers konar rafræna þjónustu telur þú helst þörf á að byggja upp?	32
--	----


1. Inngangur

Í aprílmánuði framkvæmdi Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri skoðanakönnun meðal íbúa í Árnessýslu og meðal annars voru spurðar fimm spurningar varðandi aðgengi að internetinu og notkun þess. Aðalheiður Ámundadóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson unnu að þessari könnun fyrir hönd RHA. Höfundur þessarar skýrslu eru Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur RHA og Aðalheiður Ámundadóttir, aðstoðarmaður sérfræðings.

2. Framkvæmd og heimtur

Könnunin var framkvæmd dagana 8. til 14. apríl sl. Þýðið var skilgreint sem fólk á aldrinum 18-65 ára og var búsett í sveitarfélögum Árborg, Hveragerði og Ölfusi 1. febrúar 2005. Tekið var tilviljanakennt úrtak úr þessum hópi. Upphaflegt úrtak var 1545 einstaklingar. Síðar kom í ljós að 323 þeirra voru búsettir utan svæðisins eða á annan hátt óaðgengilegir (láttnir, veikir, töluðu ekki íslensku eða fannst ekki símanúmer hjá). Endanlegt úrtak varð því 1222 manns.

Alls náðist samband við 1183 einstaklinga eða rétt um 97% þeirra sem voru á skrá. Samþykktu 965 þeirra að taka þátt í könnuninni en 218 manns neituðu að taka þátt. Svarhlutfall í þessari könnun er tæplega 79% sem er vel viðunandi í slíkri könnun.



3. Niðurstöður


Í framangreindum spurningavagni voru fimm spurningar er lúta að aðgengi að internetinu og notkun þess. Alls voru 648 manns af 965 í könnuninni spurðir að þessum fimm spurningum. Grunnbreytur fyrir spurningarnar eru fimm: kyn, aldur, búseta, starf og menntun. Allar spurningar nema opnar spurningar (þar sem viðkomandi átti kost á að svara með sínum orðum) voru greindar eftir grunnbreytunum. Einnig voru svör skoðuð eftir því hvort börn eru inni á heimilunum eða ekki.

Hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður könnunarinnar á myndrænan hátt ásamt stuttri túlkun. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.


3.1. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu?

Spurt var hvort viðkomandi væri með aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili. Heimilt var að svara fleirum en einum valmöguleika.


Í langflestum tilvikum hefur fólk aðgang að internetinu eða 93,8% þeirra sem svara spurningunni. Helst má sjá að aðeins færri einstaklingar í aldurshópnum 56-65 ára hafi aðgang að internetinu en einstaklingar í öðrum aldurshópum og einnig að hlutfallslega fleira fólk með börn 17 ára og yngri inni á heimilinu en barnlausir. Að öðru leyti er ekki hægt að greina neinn mun milli þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru.




Mynd 2. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimilinu?




Mynd 3. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir kyni og aldri.




Mynd 4. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir búsetu.



Mynd 5. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir menntun.





Mynd 6. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir starfi.




Mynd 7. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu í vinnu, skóla eða á heimili, greint eftir fjölskylduhögum.

Í langflestum tilvikum hefur fólk aðgang að tölvu með internettengingu á heimili sínu eða í rúmlega 89% tilvika og 95% þeirra sem hafa á annað borð aðgang að internetinu. Aldur og menntun hefur áhrif á svör fólks hvort það hafi internettengingu á heimilinu þannig að einn af hverjum tíu einstaklingum á aldrinum 18-35 ára er ekki með slíka tengingu en einn af hverjum tuttugu á aldrinum 36-45 ára. Hlutfall einstaklinga eldri en 45 ára með internettengingu heima er mun lægra eða 88,8% og enn lægra hjá elsta aldurshópnum eða 77,9%. Menntun hefur þannig áhrif á svör einstaklinga við þessari spurningu að um 82% þeirra einstaklinga sem hafa lokið grunnskóla- eða gagnfræðaprófi hefur aðgang að tölvu með internet- tengingu heima, en hlutfallið er um hærra hjá einstaklingum með aðra menntun eða 91,4% hjá þeim sem hafa iðn- eða starfsmenntun, 95,7% hjá þeim sem hafa stúdentspróf og aðeins lægra hjá þeim sem hafa háskólagráðu eða 94,5%. Fjölskylduhagir hafa enn fremur áhrif á svör einstaklinga þannig að þeir sem búa með börnum 17 ára og yngri hafa í meira mæli aðgang að tölvu með internettengingu en barnlausir.








Mynd 9. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir kyni og aldri.



Mynd 10. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir búsetu.



Mynd 11. Hefur þú aðgang að tölvu með internettengingu á heimili, greint eftir menntun.








Rétt um 79% svarenda hefur aðgang að tölvu með internettengingu á vinnustað sínum, þ.e. í vinnu eða skóla. Tengsl eru milli aldurs, menntunar og starfs og þess hvort fólk hefur aðgang að internetinu í vinnu eða skóla. Hvað aldur varðar þá hafa hlutfallslega flestir einstaklingar í yngsta aldurshópnum aðgang að internetinu í gegnum vinnu eða skóla eða um 85% og tæp 76% þeirra sem eru 35-45 ára. Að öðru leyti má segja að hærri aldur þýðir hlutfallslega færri sem hafa aðgang að tölvu með internettengingu á vinnustað sínum.


Skemmst er frá því að segja að nær allir einstaklingar sem hafa bókmenntun, (stúdentspróf eða háskólagráðu) hafa aðgengi að internetinu í vinnu eða skóla en rétt rúmlega

helmingur þeirra sem hafa grunn- og starfsmenntun (grunnskóli, gagnfræðapróf, iðnmenntun eða styttra framhaldsnám).

Allir þeir sem vinna skrifstofustörf, fagleg störf í opinberri þjónustu, sem stjórnendur, atvinnurekendur og sérfræðingar hafa aðgang að tölvu með internettengingu. Rétt rúmlega helmingur þeirra sem vinnur verkamannastörf, eru í einföldum þjónustustörfum, bændur, sjómenn eða faglærðir iðnaðarmenn hafa slíkan aðgang.












3.1.1. Hversu mikið notar þú internetið?

Viðkomandi var síðan beðinn að segja til um hversu oft hann noti internetið, hvort hann noti það oft á dag, hér um bil daglega, eitthvað í hverri viku, nokkrum sinnum í mánuði, stöku sinnum eða aldrei eða næstum því aldrei.


Rúmlega 42% svarenda notar internetið oft á dag og tæplega 22% hér um bil daglega. Segja má að ekki séu tengsl milli svara og kynferðis, aldurs eða búsetu, þannig að þessir bakgrunnspættir hafa ekki áhrif á svör fólks. Hins vegar hefur bæði menntun og starf áhrif á hversu oft einstaklingar nota internetið. Menntun hefur þannig áhrif á svör fólks að þeir einstaklingar sem hafa stúdentspróf eða háskólagráðu nota internetið mun oft en fólk með aðra menntun. Einstaklingar sem vinna við skrifstofustörf, faglærð störf í opinberri þjónustu, stjórnunarstörf, atvinnurekendur og sérfræðingar nota internetið í mun meira mæli en fólk í öðrum störfum.








Mynd 24. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir menntun.



Mynd 25. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir starfi.




Mynd 26. Hversu mikið notar þú internetið, greint eftir fjölskylduhögum.


3.1.2. Notar þú internetið til að gera eitthvað af eftirfarandi?

Viðkomandi var beðinn um að segja hvort hann notaði internetið til ákveðinna þátta. Þessir þættir eru; (1) Sækja upplýsingar vegna vinnu, (2) sækja hversdagslegar upplýsingar, (3) lesa fréttir og finna aðra afþreyingu, (4) versla, (5) senda tölvupóst, (6) sinna bankaviðskiptum eða nota netbanka, (7) spjalla (irc,msn), (8) blogga, (9) nýta sér þjónustu sveitarfélagsins, (10) nýta þjónustu ríkisins eða (11) annað. Þeir sem svara annað voru beðnir um að tilgreina hvað annað.


Langflestir nota internetið til þess að sækja tölvupóst eða tæplega 82%. Einnig nota mjög margir internetið til að sækja hversdagslegar upplýsingar (78%), lesa fréttir eða finna aðra afþreyingu (73%) og sinna bankaviðskiptum eða nota netbanka (67%).




Menntun og starf hefur áhrif á hvort viðkomandi noti internetið til að sækja upplýsingar vegna vinnu. Fólk í skrifstofustörfum, faglærðum störfum í opinberri þjónustu, stjórnunarstörfum, atvinnurekendur og sérfræðingar nota internetið í mun meira mæli en þeir sem starfa sem verkamenn, eru í einföldum þjónustustörfum, sjómenn, bændur eða starfa við faglærð iðnaðarstörf eða um 90% þeirra á móti rúmum 40%. Lengra skólanám býðir að hærra hlutfall notar internetið til að sækja upplýsingar vegna vinnu.




Fólk á aldrinum 18 ára til 35 ára notar internetið í meira mæli til að sækja hversdagslegar upplýsingar en fólk sem er eldra en 35 ára. Það gerir einnig mun hærra hlutfall þeirra sem hafa stúdentspróf og háskólagráðu en einstaklingar með aðra menntun.




Aldur og menntun hefur áhrif á svör fólks við því hvort það noti internetið til að lesa fréttir og skoða aðra afþreyingu. Einstaklingar 35 ára og yngri notfæra sér internetið á þann hátt í mun meira mæli en fólk eldra en 35 ára sem og fólk sem hefur stúdentspróf eða háskólagráðu.




Aðeins fjórðungur fólks notfærir sér internetið til þess að versla. Mun fleiri karlar versla á netinu en konur eða tæp 33% karla á móti tæpum 18% kvenna. Ekki er hægt að greina marktækan mun milli annarra bakgrunnspátta en þó má sjá að fólk búsett í sveitarfélaginu Ölfus notar internetið í mun minna mæli til að versla en fólk búsett í sveitarfélaginu Árborg eða Hveragerði. Einnig þeir sem hafa háskólagráðu og starfa sem stjórnendur eða sérfræðingar eða eru atvinnurekendur.



Mjög margir nota internetið til þess að senda tölvupóst, þá sérstaklega aldurshópurinn 26-35 ára, háskólamenntað fólk, fólk með stúdentspróf og fólk sem starfar á skrifstofu, við faglærð störf í opinberri þjónustu, stjórnunarstörf, atvinnurekendur og sérfræðingar. Greina má marktækan mun á svörum eftir menntun og starfi og því hvort viðkomandi noti internetið til þess að senda tölvupóst.




Aldur, menntun og starf hefur áhrif á svör fólks hvort það noti internetið til að sinna bankaviðskiptum eða til að nota netbanka. Fólk í yngsta og elsta aldurshópnum notar internetið mun minna til þess en fólk í öðrum aldurshópum. Aldurshópurinn 26-35 ára nýtir sér í miklu mæli netið til að sinna bankaviðskiptum eða rúmlega 81% fólks á þeim aldri. Fólk sem hefur stundað lengra bóknám notfærir sér einnig þennan möguleika á internetinu í mun meira mæli en aðrir.




Mynd 33. Notar þú internetið til að sinna bankaviðskiptum/nota netbanka?

Rúmlega þriðjungur svarenda notar internetið til að spjalla, t.d. á irc eða msn. Aldur og menntun hefur áhrif á svör fólks varðandi notkun á spjallrásum þannig að hækkandi aldur þýðir miklu minni notkun á slíku. Ennfremur má sjá að hlutfallslega fleira fólk sem er með stúdentspróf notar spjallrásirnar mun meira en fólk með aðra menntun.




Mjög fáir nota internetið til að blogga eða rétt rúmlega 11% svarenda. Tengsl eru milli aldurs og menntunar og svara við þessari spurningu þannig að aldurshópurinn 18-25 ára og aðilar með stúdentspróf nota internetið í mun meira mæli til að blogga en aðrir.




Rúmlega 28% svarenda notar internetið til að nýta þjónustu sveitarfélagsins. Aldur, menntun og starf hefur áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Það að nota internetið í að nýta þjónustu sveitarfélagsins höfðar ekki til aldurshópsins 18-25 ára en aðeins 10% þeirra gera það á meðan um 35% fólks úr öðrum aldurshópum notar internetið til þess að nýta þjónustu sveitarfélagsins. Fólk með háskólagráðu notfærir sér internetið til þessa í mun meira mæli en fólk með aðra menntunargráðu eða rúmlega helmingur þeirra en aðeins fjórðungur eða færri einstaklingar með aðra menntunargráðu.

Fólk sem starfar í faglærðum iðnaðarstörfum, verkamannastörfum, einföldum þjónustustörfum, bændur og sjómenn, notfærir sér internetið til að nýta þjónustu sveitarfélagsins í mun minna mæli en fólk í öðrum störfum.



Mynd 36. Notar þú internetið til að nýta þjónustu sveitarfélagsins?

Tæplega helmingur svarenda eða 45% notar internetið til að nýta þjónustu ríkisins. Tengsl eru milli aldurs, menntunar og starfs viðkomandi og svara við þessari spurningu. Einstaklingar 18-25 ára nota internetið langminnst til að nýta þjónustu ríkisins eða aðeins rúm 22% og einstaklingar á aldrinum 26-35 ára mest eða tæplega 62% þeirra. Háskólamenntaðfólk notar internetið til að nýta þjónustu ríkisins í mun meira mæli en aðrir því tæplega 67% þeirra nýta internetið á þann hátt á meðan t.d. aðeins rúmlega 24% einstaklinga með grunnskólamenntun. Hvað starf varðar þá nota einstaklingar sem vinna við faglærð iðnaðarstörf, verkamannastörf, einföld þjónustustörf, sjómenn og bændur internetið til að nýta þjónustu ríkisins í mun minna mæli en fólk í öðrum störfum.



Í þessari spurningu var einnig boðið upp á valkostinn „annað“ og var þá viðkomandi beðinn um að tilgreina í hvað annað hann notaði internetið. Algengast var að viðkomandi svaraði tölvuleikir, námsvefir eða eitthvað í sambandi við námið.

Í valkostinn annað komu svo fá svör að ekki reyndist gerlegt að greina þau eftir þeim bakgrunnspáttum sem til skoðunar eru.

3.2. Hverskonar rafræna þjónustu telur þú helst þörf á að byggja upp?

Viðkomanda var sagt frá því að sveitarfélögin Árborg, Hveragerði og Ölfus taka þátt í verkefni sem vinnur m.a. að því að byggja upp rafræna þjónustu fyrir íbúana á netinu. Síðan var spurt hverskonar þjónustu hann teldi að helst væri þörf á að byggja upp.

Skemmst er frá því að segja er að meira en helmingur svarenda eða 202 manns svarar „veit ekki“ eða „engin skoðun“ og 265 manns kusu að sleppa þessari spurningu.

Þeir aðilar sem höfðu eitthvað til málanna að leggja töldu þörf á góðri upplýsingasíðu. Einnig kom fram hjá nokkrum að gott væri að hafa eyðublöð og umsóknir á netinu og þörf á að byggja upp háhraða nettengingu í þéttbýli og dreifbýli, sjá nánar töflu hér fyrir aftan.

Svörin eins og þau komu fyrir eru að finna í viðauka.

Tafla 1. Hvers konar rafræna þjónustu telur þú helst þörf á að byggja upp?

Hvaða?	Fjöldi sem nefnir:
Góða upplýsingasiðu	52
Enga	20
Eyðublöð/umsóknir	16
Háhraða nettenging í þéttbýli og dreifbýli	14
Skólamál	10
Borgar reikninga sveitarfélags	7
Sjónvarp	5


3.3. Málaflokkar fyrir rafræna þjónustu.

Spurt var í hvaða málaflokkum sem eru á verksviði sveitarfélaganna telur þú brýnast að koma upp rafrænni þjónustu til þess að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnsýsluna skilvirkari. Málaflokkarnir sem um ræðir eru: (1) skipulags- og byggingarmál (umhverfismál, veitur, áhaldahús, umferðarmál), (2) leikskólar (umsóknir), (3) grunnskólar (t.d. auka samskipti milli foreldra og skóla), (4) húsaleigubætur, (5) félagslegt húsnæði, (6) íþrótt- og æskulýðsmál, (7) menningarmál, (8) atvinnumál, (9) þjónusta við aldraða og (10) sjá stöðu fjármála- eða reikninga gagnvart sveitarfélaginu.

Við þessa spurningu var sá háttur hafður á að málaflokkarnir voru aðeins lesnir upp í annað hvert skipti en í hitt skiptið átti viðmælandinn sjálfur að láta sér detta í hug málaflokk sem brýnast væri að koma upp rafrænni þjónustu.


3.3.1 Málaflokkar lesnir upp

Meira en helmingur svarenda telur að í öllum málaflokkum fyrir utan húsaleigubætur og félagslegt húsnæði sé brýnt að koma upp rafrænni þjónustu til að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnsýsluna skilvirkari. Frekar lítil munur er á svörum fólks eftir málaflokkum en þó eru hlutfallslega flestir sem telja mestu þörfina vera í atvinnumálum, íþróttá- og æskulýðsmálum og grunnskólumálum.




Hvað skipulags- og byggingarmálin varðar þá telur tæplega 57% svarenda brýnt að koma upp rafrænni þjónustu í þeim málaflokki. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (40%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í skipulags- og byggingarmálum og hlutfallslega fæstir einstaklingar sem starfa sem verkafólk, í einföldum þjónustustörfum, sjómenn og bændur.


Við nánari skoðun er lítill munur milli bakgrunnspátta og svara varðandi þennan málaflokk en þó má sjá að nokkuð fleiri karlar en konur telja það brýnt sem og fólk með stúdentspróf. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.



Rétt um 56% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólann. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (43%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í leikskólamállum og hlutfallslega fæstir einstaklingar á aldrinum 56-65 ára (20%). Greina má þó nokkurn mun á svörum karla og kvenna þar sem mun fleiri konur eða tæp 36% þeirra á móti 26% karla telja brýnt koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólamál. Einnig telur fólk á aldrinum 26-35 ára það mun brýnna en fólk á öðrum aldri. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Tæplega 61% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi grunnskólann. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (46%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í grunnskólamálum og hlutfallslega fæstir einstaklingar á aldrinum 56-65 ára (24%). Greina má þó nokkurn mun á svörum karla og kvenna þar sem mun fleiri konur eða tæp 40% þeirra á móti 27% karla telja brýnt koma upp rafrænni þjónustu varðandi grunnskólamál. Einnig telur fólk á aldrinum 26-35 ára það mun brýnna en fólk á öðrum aldri. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Húsaleigubætur er annar af tveimur málaflokkum sem fólk telur minnstu þörf á að koma upp rafrænni þjónustu. Þó telur um 43% svarenda brýna þörf á slíku.

Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (33%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í sambandi við húsaleigubætur og hlutfallslega fæstir einstaklingar sem starfa sem verkafólk, í einföldum þjónustu störfum, sjónmenn og bændur (19%). Greina má þó nokkurn mun á svörum eftir búsetu þar sem mun fleiri einstaklingar búsettir í Hveragerði eða tæp 29% telja brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi húsleigubætur á móti 23% einstaklinga úr Sveitarfélaginu Árborg og 20% úr sveitarfélaginu Ölfusi.




Félagslegt húsnæði er hinn málaflokkurinn sem fólk telur minnstu þörf á að koma upp rafrænni þjónustu. Þó telur um 43% svarenda brýna þörf á slíku.


Við nánari skoðun er lítill munur milli bakgrunnspátta og svara varðandi þennan málaflokk en þó má sjá að nokkuð fleiri konur en karlar telja brýnt að koma upp slíkri þjónustu sem og fólk með stúdentspróf. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Tæplega 61% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi íprótta og tómstundamál. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (44%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í íprótta- og tómstundamálum og hlutfallslega fæstir í aldurshópnum 56-65 ára (23%). Greina má þó nokkurn mun á svörum eftir fjölskylduaðstæðum þannig að þeir sem eru barnlausir telja í minna mæli (27%) en þeir sem búa með börn yngri en 17 ára inni á heimilinu (37) að það sé brýnt að koma upp rafrænni þjónustu í málaflokknum. Einnig telur fólk á aldrinum 18-35 ára það mun brýnna en fólk á öðrum aldri. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Rúmlega 58% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi menningarmál. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (43%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í menningarmálum og hlutfallslega fæstir einstaklingar á aldrinum 56-65 ára (23%). Greina má þó nokkurn mun á svörum karla og kvenna þar sem mun fleiri konur eða tæp 36% þeirra á móti 28% karla telja brýnt koma upp rafrænni þjónustu varðandi menningarmál. Einnig telur fólk á aldrinum 26-35 ára og 46-55 ára það mun brýnna en fólk á öðrum aldri. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Rúmlega 62% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi atvinnumál. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (46%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í atvinnumálum og hlutfallslega fæstir einstaklingar á aldrinum 56-65 ára (25%). Greina má þó nokkurn mun á svörum eftir búsetu þar sem mun fleiri einstaklingar búsettir í sveitarfélaginu Ölfusi eða rúmlega 37% þeirra telja brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi atvinnumál á móti 33% einstaklinga úr Sveitarfélaginu Árborg og 31% úr Hveragerði.



Tæplega 54% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi þjónustu við aldraða. Hvað bakgrunnsþættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar á aldrinum 46-55 ára (36%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu við aldraða og hlutfallslega fæstir á aldrinum 56-65 ára (25%). Greina má nokkurn mun á svörum karla og kvenna þar sem fleiri konur eða tæp 32% þeirra á móti 27% karla telja brýnt koma upp rafrænni þjónustu varðandi þjónustu við aldraða. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




Rúmlega 54% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu til að sjá stöðu fjármála/reikninga gagnvart sveitarfélaginu. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa stúdentspróf (40%) að brýnt sé að koma upp slíkri rafrænni þjónustu og hlutfallslega fæstir einstaklingar sem starfa við faglærð iðnaðarstörf (25%). Við nánari skoðun er lítill munur milli bakgrunnspáttta og svara varðandi þennan málaflokk en þó má sjá að nokkuð fleiri konur en karlar telja brýnt að koma upp slíkri þjónustu sem og fólk með stúdentspróf. Sjá nánar mynd hér fyrir aftan.




3.3.2 Málaflokkar ekki lesnir upp

Hér fyrir aftan gefur að líta niðurstöður málaflokka þegar svarandinn hafði frumkvæði af því að nefna í hvaða málaflokkum á verksviði sveitarfélagsins hann teldi brýnast að koma upp rafrænni þjónustu til þess að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnsýsluna skilvirkari.

Mun færri svör komu hér en þegar málaflokkarnir voru lesnir upp. Innan við 13% svarenda nefnir að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu til að stytta afgreiðslutíma og gera stjórnsýsluna skilvirkari í einhverjum málaflokkana á verksviði sveitarfélaganna. Frekar lítill munur er á svörum fólks eftir málaflokkum en þó eru flestir sem telja mestu þörfina vera í skipulags- og byggingarmálum og leikskóla- og grunnskólamálum. Hlutfallslega fæstir telja að slíkt sé brýnt þegar kemur að húsleigubótum.




Rúmlega 13% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi skipulags- og byggingarmál. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem starfa í stjórnunarstörfum, atvinnurekendur og sérfræðingar (18%) að brýnt sé að koma upp slíkri rafrænni þjónustu og hlutfallslega fæstir einstaklingar á aldrinum 18-25 ára (2%). Greina má nokkurn mun á svörum karla og kvenna þar sem fleiri konur eða rúmlega 9% þeirra, á móti tæplega 4% karla, telja brýnt koma upp rafrænni þjónustu varðandi þennan málaflokk. Einnig telur fólk eldra en 46 ára það mun brýnna en einstaklingar sem eru 45 ára eða yngri. Ennfremur er nokkur munur á svörum fólks eftir búsetu því rúmlega 8% þeirra sem búsettir eru í sveitarfélaginu Árborg telja slíkt brýnt en aðeins rúmlega 2% einstaklinga úr sveitarfélaginu Ölfusi.



Tæplega 11% telur nauðsynlegt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólamál. Hvað bakgrunnspættina varðar þá telja hlutfallslega flestir einstaklingar sem hafa háskólapróf (14%) að brýnt sé að koma upp slíkri rafrænni þjónustu og hlutfallslega fæstir einstaklingar sem starfa við faglærð iðnaðarstörf (2%).


Greina má mun á svörum eftir fjölskylduaðstæðum þannig að barnlausir einstaklingar (4%) nefna í mun minna mæli en einstaklingar sem búa með börn yngri en 17 ára inni á heimilinu (7%) að brýnt sé að koma upp rafrænni þjónustu í málaflokknum. Einnig telur fólk á aldrinum 26-55 ára það mun brýnna en fólk á öðrum aldri. Menntun hefur hér þó nokkur áhrif á svör fólks þannig að meiri bókmenntun (stúdent og háskólapróf) þýðir hlutfallslega fleiri sem telja brýnt að koma á rafrænni þjónustu í þessum málaflokki.



Mynd 51. Telur þú brýnt að koma upp rafrænni þjónustu varðandi leikskólann?


